

IV / 33.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir	Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr.	006-2002-00086
Staður og stund:	Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, 12. júlí 2004. Kl. 13:00.		
Sakarefni:	Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmatar lánveitingar (104. gr. 2/1995)		
Vitni:	Eiríkur Sigurðsson	Kennitala:	261055-2369
Starf/staða:	Fjárfestir	Vinnusími:	
Lögheimili:	Valhúsabraut 16, Seltjarnarnesi	Sími:	561 0040/899 5128
Dvalarstaður:		Sími:	

Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.

Eiríkur er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmatum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf.

Eiríki er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, þ.e. sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta en röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð.

Eiríkur kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúinn að tjá sig.

Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.

Eiríkur er beðinn um að lýsa tengslum sínum við Fjárfar ehf.

Eiríkur segir að þegar hann og eiginkona hans Helga Gísladóttir seldu Vöruveltuna, hafi verið gengið svo frá að þau hafi selt félagið til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar (JÁJ) og/eða félags í hans umsjá. Þetta hafi verið 7. október 1998. Þann dag var gengið frá samkomulagi og kaupsamningi sem fólu í sér framtíðargreiðslur sem allar gengu eftir, umsamið kaupverð var 1.150.000.000 kr. sem skiptist í 200.000.000 króna útborgun 8. október 1998, 800.000.000 kr. 5. nóvember sem reyndar varð 801.777.778 vegna dráttar á greiðslu (8% vextir) um 10 daga, í þriðja lagi var um að ræða víxil sem þau fengu afhentan sama dag eða 16. nóvember 1998 að fjárhæð 150.000.000. Víxillinn var til greiðslu 1. mars 1999 en greiðsla hans dróst.

Eiríkur vísaði í samning hans við Jón Ásgeir frá 7. október (fylgiskjal 7.16 úr skýrslu SRS) þar sem stendur að JÁJ komi fram sem umboðsmaður kaupanda, Eiríkur kvaðst hafa litið á hann eða aðila á hans vegum sem kaupanda en í samningnum komi fram að seljandi samþykki að kaupandi verði tilgreindur innan 30 daga. Eins og að framan greinir varð um 10 daga dráttur á greiðslu til Eiríks og Helgu sem átti að verða 5. nóvember en þá fyrst hafi Eiríkur heyrt um Fjárfar eða 16. nóvember. Þann dag var Eiríkur boðaður á fund í Íslandsbanka til að ganga frá málum sbr. samninginn frá 7. október.

Eiríkur segir að þennan dag hafi hann fyrst heyrt þessa félags getið og tekur fram að hann hafi ekki átt nein tengsl við það. Eiríkur og Helga hafa að sögn Eiríks aldrei átt nokkur tengsl við Fjárfar, aldrei átt neitt í því eða átt neina hagsmuni hvorki stjórnunarlega eða eignalega. Aldrei hafi þau tekið neinar ákvarðanir í þeim rekstri eða setið neina stjórnarfundi þess.

Eiríkur kvaðst alltaf hafa verið viss um að aðilar í Íslandsbanka hafi gert sér grein fyrir hvornig var í pottinn búið með þessi viðskipti öll með Fjárfar og Vöruveltuna.

06033

Eiríkur er spurður hvort hann eigi eða hafi einhvern tíma átt hlut í félaginu Fjárfari ehf.

Eiríkur segir að hvorki hann né Helga hafi nokkurn tíma átt hlut í félaginu.

Undir Eirík er borið fylgiskjal 6.1 sem er hluti af skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3) sem afhent var embætti ríkislögreglustjóra 29. júní 2004 vegna rannsóknar þessarar. Um er að ræða yfirlýsingu dags. 7. desember 2000 þess efnis að Helga Gísladóttir sé eigandi meirihluta hlutafjár í Fjárfari. Yfirlýsingin er undirrituð af Helgu Gísladóttur og Eiríkur Sigurðsson ritar undir sem vottur.

Eiríkur er beðinn um að gera grein fyrir þessu.

Eiríkur segir að það hafi verið annaðhvort JÁJ eða Helgi Jóhannesson sem hafði samband við hann og spurði hann hvort Helga gæti gengist undir að vera eignaraðili að Fjárfari í nokkra daga. Eiríkur sagði að hann og Helga hafi rætt þetta og Helga hafi ekki verið sátt við þetta enda töldu þau sig vera laus við þessa menn en þau hafi látið til leiðast m.a. vegna þess að enn voru ófrágengin mál og vildu þau halda friðinn á meðan þessar greiðslur voru enn ófrágengnar. Aðspurður um hvaða mál voru ófrágengin sagði Eiríkur að um væri að ræða áðurnefndan víxil sem síðar var greiddur til þeirra með hlutabréfum í Baugi ásamt fleiri óleystum málum sem síðar gekk allt eftir. Varðandi víxilin sagði Eiríkur að með vöxtum hafi hann verið kominn uppí 162.000.000 og hafi hann verið greiddur með hlutabréfum í Baugi á genginu 10.

Aðspurður kveðst Eiríkur ekki hafa spurt Jón Ásgeir eða Helga út í það hvers vegna hann vildi þessa yfirlýsingu. En Eiríkur kveðst hafa farið á skrifstofuna til Helga Jóhannessonar í Olís húsið og þar hafi hann fengið þessa yfirlýsingu hjá Helga. Eiríkur sagði að Helga hafi ekki viljað fara inn og beðið úti í bíl og Eiríkur hafi farið með yfirlýsinguna út til Helgu þar sem hún skrifaði undir. Eiríkur segir að hann minni, enda þau mjög ósátt við þessa framkvæmd, hafi hann beðið Helga um yfirlýsingu þess efnis að hann eða Helga ættu ekki hlut í Fjárfari eins og raunin var. Eiríkur segist telja sig hafa fengið hana en kvaðst ekki enn hafa fundið hana. Upphaflega var talað um nokkra daga en raunin varð mánaðartími. Aðspurður kveðst Eiríkur ekki vita um fleiri aðila en JÁJ og Helga sem vissu af þessum ráðahag þ.e. að Helga skrifaði sig fyrir hlutnum.

Undir Eirík er borið fylgiskjal 8.1 sem er hluti af sömu skýrslu SRS. Um er að ræða kaupsamning dags. 16. maí 2000 á milli Fjárfars sem seljanda og Helgu Gísladóttur sem kaupanda af 5.000.000 hlutum í Baugi á kr. 64.500.000. Samningurinn er ekki undirritaður af hálfu kaupanda en skv. hluthafaskrá Baugs eignaðist Helga 5.000.000 hluti í Baugi 16. maí 2000.

Eiríkur er spurður hvort að hann eða eiginkona hans hafi verið aðilar að þessum viðskiptum.

Eiríkur segist ekki hafa séð þennan samning áður en hann sá hann hjá SRS, hann segir að hann og kona hans hafi ekki verið aðilar að þessum samningi. Aðspurður sagði Eiríkur að Helga hafi eignast bréf í Baugi á þessum tíma en það hafi verið í tengslum við uppgjör JÁJ vegna kaupa á Vöruveltunni eins og áður hefur verið nefnt. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir hvaðan þau bréf komu. Eiríkur sagði að Helga hafi jafnframt eignast bréf í Baugi sem voru keypt í gegnum FBA að nafnverði 40.000.000 á genginu 9,95 kaupverð 398.000.000 en þau kaup voru ótengd þessum viðskiptum við JÁJ. Eiríkur segir að þau viðskipti eigi að vera skráð hjá Kaupþingi.

Undir Eirík eru borin fylgiskjöl 9.8 - 9.10 úr skýrslu SRS en um er að ræða kaupsamning dags. 21. maí 1999 vegna kaupa Baugs á 70% hlutabréfa í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari. Eiríkur skrifa undir samninginn fyrir sína hönd og Helgu. Eiríkur er beðinn um að skýra frá þessum viðskiptum og tengslum við Fjárfar varðandi þau.

Eiríkur sagði að þarna væri um tilbúning að ræða, þetta væri hluti af þessari fléttu sem fram fór eftir 16. nóvember sem búin var til vegna frágangs mála á sölu Vöruveltunni. Eiríkur segir að þarna sé hann ekki að skrifa undir f.h. Fjárfars. Þær greiðslur sem þarna eru nefndar í samningnum hafi ekki átt sér stað. Eiríkur segist ekki hafa átt þátt í því að búa til þessi tilhæfulausu skjöl sem um ræðir.

Eiríkur er spurður við hvern/hverja hann hafi átt samskipti í tengslum við ofangreind viðskipti/samskipti hans við Fjárfar.

Eiríkur segir að hann og Hólga hafi verið kölluð til undirritunar eins og áður hefur greint. Aðspurður um það hverjir það voru sem kölluðu þau til undirritunar bendir hann á starfsmenn Íslandsbanka og Jón Ásgeir. Aðspurður man Eiríkur ekki til þess að Tryggvi hafi haft samskipti við sig vegna þessa en Eiríkur kveðst telja að hann hafi haft fulla vitneskju um það sem var í gangi.

Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:

Eiríki er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Skv. gögnum frá Fjárfari var Helga Gísladóttir eigandi Fjárfars á þeim tíma sem þessi viðskipti áttu sér stað. Eiríkur er spurður hvort hann hafi einhverja vitneskju um eftirtalin viðskipti:

16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m * 12,9" - kr. 64.500.000

30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591

Eiríkur kveðst enga vitneskju hafa um þessi viðskipti.

Eiríkur er spurður, sérstaklega í ljósi fram komins framburðar, hver hann hafi talið að væri stjórnandi og/eða eigandi Fjárfars ehf. á þeim tíma sem hann skrifaði undir skjöl í tengslum við viðskipti Fjárfars.


Eiríkur kveðst ekki telja það geti verið nokkur annar en Jón Ásgeir eða aðilar á hans vegum sem stjórnaði Fjárfari.

Eiríkur kvaðst að lokum vilja láta hafa eftir sér að eftir að gengið var frá samingnum við JÁJ í október 1998 var mikill perringur í þeim hjónum vegna alls þessa máls. Ekki síst vegna þess að þeim hafi brugðið þegar þau sáu nafn Helgu í blöðum þar sem hún var nefnd sem eigandi Fjárfars. Eiríkur kvaðst þá ætíð hafa hringt í Jón Ásgeir og kvartað yfir þessu en ávallt fengið þær skýringar að um væri að ræða misskilning hjá blaðamönnum og þess háttar.

Eiríkur vildi ítreka það að hvorki hann né Helga hafi nokkurn tíma átt neina hagsmuni hvorki stjórnunarlega eða eignalega við Fjárfar.

Skýrslutöku lauk kl. 15⁰⁰

Staðfest rétt eftir haft:


Eiríkur Sigurðsson

Skýrsluna skráði:


Aldís Hilmarsdóttir